

Fundargerð 387. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2016, mánudaginn 19. september kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðný Sverrisdóttir, Steinþór Pétursson, Guðmundur M. Kristjánsson, Ólafur Þór Snorrason, Ásta Björg Pálmadóttir og Björn Arnaldsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2016 - 1601002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 386. fundar frá 16. ágúst sl.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2016 - 1609004HA

Lögð fram skýrsla sem ber heitið Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna árið 2016 sem hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga vann fyrir hafnasambandið. Sigurður Snævarr, sviðsstjóri á hag- og upplýsingasviði sambandsins, kom inn á fundinn undir þessum lið og fór yfir stöðuna.

Til kynningar. Á heildina litið horfir heldur til bóta hjá hafnasjóðum landsins en samt sem áður eru nokkrir hafnasjóðir sem eru í miklum fjárhagslegum erfiðleikum og verður tekið sérstaklega á því vandamáli í skýrslunni sem verður kynnt formlega á hafnasambandsþingi í október.

3. Reglugerð um slysavarnir í höfnum til umsagnar - óskað umsagnar - 1609003HA

Lögð fram drög að reglugerð um slysavarnir í höfnum.

Birni falið að útbúa drög að umsögn og senda á framkvæmdastjóra.

4. Fjöldi skemmtiferðaskipa 2014 og 2015 - 1609002HA

Lagðar fram upplýsingar frá Cruise Iceland um fjölda skemmtiferðaskipa sem komu við í aðildarhöfnum Cruise Iceland árið 2015.

Til kynningar.

5. Skýrsla innanríkisráðherra um stöðu hafna 2016 - 1609001HA

Lögð fram skýrsla innanríkisráðherra um stöðu hafna.

Til kynningar.

6. Hafnasamband Íslands - fjárhagsáætlun 2016-2018 - 1609005HA

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árin 2017 og 2018 ásamt tillögu að árgjöldum aðildarhafna sömu ár.

Tillaga að fjárhagsáætlun 2017 og 2018 samþykkt sem og tillögur að árgjöldum aðildarhafna.

7. Hafnasambandsþing 2016 - 1605002HA

Rætt um undirbúning hafnasambandsþings sem haldið verður á Ísafirði dagana 13. og 14. október 2016. Lagt fram yfirlit yfir starfsnefndir þingsins og skýrslu stjórnar. Einnig voru tillögur að ályktunum fyrir hafnasambandsþingið lagðar fram til kynningar.

Starfsmanni falið að hafa samband við "stýrimenn" starfsnefnda og gera breytingar á ályktunum í samræmi við umræður á fundinum.

8. Stefnumótunarnefnd hafnasambandsins 2014-2016 - 1604003HA

Lögð fram að nýju drög að stefnu fyrir Hafnasamband Íslands sem stefnumótunarnefnd hafnasambandsins vann fyrir tímabilið 2016-2018. Drögin voru send á aðildarhafnir og óskað var eftir athugasemdum fyrir 16. september 2016 en engar athugasemdir hafa borist.

Stjórn vísar skýrslunni til umræðu og samþykktar á hafnasambandsþingi.

Fundi var slitið kl. 13:10

Gísli Gíslason

Guðný Sverrisdóttir

Steinþór Pétursson

Guðmundur M Kristjánsson

Ólafur Þór Snorrason

Ásta Björg Pálmadóttir

Björn Arnaldsson

Valur Rafn Halldórsson